

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Djúpavogshrepps, Bragðavellir.

Skipulagsstofnun staðfesti þann 20. júní 2018 breytingu á aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008-2020, sem samþykkt var í sveitarstjórn 9. maí 2018.

Í breytingunni felst að 8,25 ha landbúnaðarsvæði er breytt í verslun og þjónustu (F) fyrir ferðaþjónustu með allt að 100 gistirýmum nærri bæjarstæði á Bragðavöllum. Jafnframt er skógræktarsvæði á Bragðavöllum stækkað í 127 ha á kostnað landbúnaðarsvæðis.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 20. júní 2018.

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.

Hafdís Hafliðadóttir.

B-deild – Útgáfud.: 9. júlí 2018